
Deiliskráning fornleifa í Hveragerði vegna stækkunar Vorsabæjarvallar og hesthúsahverfis



Gylfi Helgason og Helga Jónsdóttir

FS1005-24281
REYKJAVÍK
2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumyndin er af leið ÁR-720:028_01 sem lá frá Reykjakorti ÁR-518 og til suðurs að Reykjavossi. Leiðin er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1909. Horft er til NNA.

Ljósmynd: Gylfi Helgason.

© 2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGASTÍG 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: +354-5511033

NETFANG: FSI@FORNLEIF.IS

HEIMASÍÐA: WWW.FORNLEIF.IS

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um deiliskráningu fornleifa innan um 54 ha úttektarsvæðis í landi Vorsabæjar, en Hveragerði er byggð úr landi gamla lögbýlisins. Innan svæðis eru hugmyndir um stækkun golfvallarins Vorsabæjarvallar og hesthúsahverfis. Fornleifaúttektin var unnin fyrir Hveragerðisbæ í október 2024. Innan marka úttektarsvæðis reyndust þrjár fornleifar: leið, vað og rétt (sem engin ummerki sjást lengur um). Allar þrjár fornleifarnar innan úttektarsvæðis teljast í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en vegurinn er þó einu sýnilegu ummerkin innan svæðisins.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, deiliskráning, Vorsabær, leið, Hveragerðisbær

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in October 2024 within a c 54 ha assessment area at Vorsabær (now part of Hveragerði) in South Iceland. The work was carried out for Hveragerðisbær, the local government, in an advance of a proposed extension of the existing golf course (Vorsabæjarvöllur) and stables in the area.

Overall, three sites of archaeological interest were identified, such as an old route and a passage over Varmá. Archaeological sites within the area were considered at high risk because of the proposed development.

Keywords:

Institute of Archaeology, (Iceland), detailed survey, Vorsabær, route, Hveragerðisbær

Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	8
2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	10
3 Aðferðir við fornleifaskráningu.....	12
4 Fornleifaskrá.....	15
5 Fornleifar innan úttektarsvæðis	18
Heimildaskrá.....	20


Viðaukar

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1 Inngangur

Á haustmánuðum 2024 fór Hveragerðisbær þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa innan um 54 ha svæðis á svæði sem áður tilheyrði lögbýlinu Vorsabæ – en Hveragerði byggðist úr landi hennar. Skráningin var gerð vegna fyrirhugaðra áforma um stækkun golfvallar og hesthúsahverfis á svæðinu.



Mynd 1: Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis og staðsetningu þess. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Úttektarsvæðið er nokkuð slétt og ágætlega gróið. Nokkur jarðhiti er innan austurhluta úttektarsvæðis, m.a. hverinn Leppalúði sem er þó kominn undir borholu í dag. Á suðurhluta svæðisins má finna fáeinar dældir, eða skvompur og lægðir í landinu. Nokkuð rask hefur þegar orðið á svæðinu en þar er golfvöllur (Vorsabæjarvöllur) og nyrst á svæðinu hesthúsabyggð og mannvirki því tengd, t.d. lítill skeiðvöllur og beitarhólf. Að auki liggja margs konar bíslóðar- og reiðvegir um svæðið.

Fornleifastofnun Íslands vann aðalskráningu fornleifa fyrir Hveragerðisbæ og kom skýrsla um skráninguna út 2002.¹ Þrjár fornleifar voru þekktar innan svæðis fyrir vettvangsathugun 2024 og ekki fundust áður óþekktar fornleifar við úttektina. Farið var á vettvang um miðjan október í fallegu og björtu haustveðri. Allar fornleifar voru hnitsettar og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp. Rætt var við Björn Pálsson, fyrrum skjalavörð Hveragerðisbæjar í tengslum við skráninguna.

Um skráningu sáu Gylfi Helgason og Helga Jónsdóttur en Gylfi sá einnig um skýrslugerð og kortavinnu. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Fornleifastofnun Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í lokakafla skýrslunnar (fimmta kafla) er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru síðan viðaukar með hnitaskrá og minjakorti.

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2002.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlutverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

SF-175:009

Sveinshlaða


tóft

hlaða

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2: Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-521:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93 og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-521:002). Í þessari deiliskráningu var gengið skipulega um svæðið, allir minjastaðir voru hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000.

Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreita þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast í hættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan deiliskipulagsreits metnir í stórhættu vegna áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu. Þær minjar sem voru rétt utan svæðis voru metnar í hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4 Fornleifaskrá

ÁR-521 Vorsabær

Dýrleiki

1686: 20 hdr., Skálholtskirkjueign, samkvæmt **BL**, bls. 117.

1695: 20 hdr., Skálholtskirkjueign, samkvæmt **BL**, bls. 117.

1703: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtskirkjueign, samkvæmt **JÁM II**, bls. 415. Þar segir einnig: „Þó var hjer til forna stundum til fátækra nokkuð goldið, so sem í tíundarnafni, og kallaðist jarðareyri; það er nú aldeilis aflagt í næstu 12 eður 14 ár, sem segir um Auðsholt.“

1847: 30^{1/3} hdr., bændaegn, samkvæmt **JJ**, bls. 75.

Landkostir

Túnakort 1917: Tún 5.2 ha, 4/5 slétt. Garðar 952 m².

1703: „Torfrista, stúnga og reiðingsrista bjargleg. Silúngsveiðivon í Varmá síðan hún fjell i sinn nýja farveg, hefur í nokkur ár að litlu gagni verið. Berjalestur nokkur fyrir heimamenn. Selstöðu á jörðin í landi því, sem eignað var áður Litlu Reykjum, en lagðist til Ossabæjar [þ.e. Vorsabæjar], þá þeir lögðust í eyði, vide Stóru Reyki supra, og í annað mál beit fyrir búsmala norður yfir á, í Árstaðafjall, sem að eignað er Stóru Reykjum. Túninu spillir hrjóstur og grjótsuppgangur og öllum úthögum.“ **JÁM II**, bls. 415.

„Réttardalur: Graslaut í hrauninu suður af Reykjakotstúni, hjá Króknum,“ segir í örnefnalýsingu. Krókar eru stórar bugður á Varmá og var réttin um 3,3 km NNV við Vorsabæ 001 og 190 m norðvestan við leið ÁR-720:028_01. Á þessum stað liggur nú vegur um svæðið og til vesturs eru mannvirki tengd hesthúsahverfinu. Svæðið er nokkuð slétt og gróið.



Í skýrslu um aðalskráningu í Hveragerði frá 2002 segir: „Engin merki sjást um rétt á þessum stað og ekki man Björn Pálsson eftir rétt þar. Er líklegt að hún hafi horfið við vegagerð eða túnsléttun.“ Litlu er við þessa lýsingu að bæta.

Svæðið þar sem rétt 027 var eitt sinn.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vorsabær, bls. 8; Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2002, bls. 13.

ÁR-720:028_01 gata leið



Leið 720:028_01, horft til NNA.

norðausturs. Gatan er 1,5 – 2 m breið dæld sem er allt að 0,5 m djúp. Hún er óðum að hverfa í gróður.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herföngjaraðskort 1909 - 37 SA

ÁR-720:028_02 Torfvað heimild vað



Torfvað 02, horft til ANA.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Reykjakot, bls. 2; Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2017, bls. 129.

A 392687 N 392151

Leið er merkt inn á herföngjaraðskort frá 1909. Samkvæmt kortinu lá leiðin frá Reykjakoti (ÁR-518) og til suðurs, að Reykjafossi. Hluti leiðarinnar var tekinn út í landi Vorsabæjar haustið 2024 vegna hugmynda um stækkun Vorsabæjargolfvallar og hesthúsahverfis haustið 2024. Svæðið er vel gróið og nokkuð slétt, en til norðurs og austurs eru grónir árbakkar Varmár. Kringum götuna eru nýlegir fjórhjólaslóðar.

Leiðin er greinilega á 170 m löngum kafla innan úttektaarsvæðis 2024. Hún liggur nálega NNA-SSA en norðan við miðbik hennar sveigir hún meira til

A 392711 N 392204

„Torfvað: Vað á ánni [Varmá] neðan við hraunhornið austan Króks,“ segir í örnefnaskrá Reykjakots. Vaðið var skammt suðaustan við heimatún Reykjakots ÁR-518 og var notað á leið 01. Vaðið var upphaflega skráð í aðalskráningu Ölfus 2017.

Varmá er um 15 m á breidd á þessum slóðum og var ekki mjög straumþung þegar skrásetjari var þar haustið 2024.

5 Fornleifar innan úttektarsvæðis

Haustið 2024 var unnin deiliskráning fornleifa á um 54 m ha svæði innan Hveragerðis. Úttektarsvæðið var áður hluti af úthögum Vorsabæjar, en minjadreifing er yfirleitt þéttust í og við heimatún. ANA-hluti úttektarsvæðis afmarkast af Varmá og VSV-hluti þess af akvegi til Reykjadal. Innan úttektarsvæðis er þegar hesthúsahverfi og golfvöllur en hugmyndir eru uppi um að stækka hvort tveggja. Í heild fundust þrjár fornleifar innan svæðis (tafla 1).

Tafla 1. Fornleifar innan úttektarsvæðis				
Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat
ÁR-521:027	Réttardalur	Heimild	Rétt	Stórhætta
ÁR-720:028_01		Gata	Leið	Stórhætta
ÁR-720:028_02		Heimild	Vað	Stórhætta

Engin yfirborðs ummerki sjást lengur um rétt ÁR-521:027 og er líklegast að hún hafi horfið í sléttun eða vegaframkvæmdar. Leið ÁR-720:028_01 er merkt inn á herforingjaráskorti frá 1909. Leiðin lá frá Reykjakoti, til suðurs, yfir Varmá, og alla leið að Reykjafossi. Greinileg ummerki fundust um leiðina innan úttektarsvæðis, þar sem hún sést sem 0,5 m djúp og allt að 2 m breið dæld sem liggur nálega norður-suður. Eru göturnar greinilegar á um 170 m löngum kafla innan svæðisins. Á leiðinni var Torfvað ÁR-720:028_02 farið yfir Varmá. Vaðið er um 15 m á breidd og virtist ágætt yfirferðar en var ekki straumþungt í ánni þegar skrásetjari kannaði svæðið á vettvangi haustið 2024. Auk fornleifanna þriggja sem reyndust innan svæðis var tekin hnitapunktur á tveimur stöðum sem eru of nýlegir til að teljast til fornleifa samkvæmt laganna hljóðan (sem miðar við minjar 100 ára og eldri) Ung rafstöð var í suðausturhorni úttektarsvæðis, við Varmá, nokkru norðan við Baulufoss. Hún er enn undir þaki en virðist ekki hafa verið í notkun nokkurn tíma. Í suðvesturshluta svæðisins var ungt beitarhús. Það er 22 x 8 m að stærð (NNA-SSV).

Allar fornleifar innan úttektarsvæðis voru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en rétt er að geta þess að í hættumatinu er ekki fólgið mat

á gildi fornleifa. Sömuleiðis er mikilvægt að nefna að þótt minjar séu metnar í stórhættu eða hættu þýðir það ekki að rask á þeim sé óhjákvæmilegt, aðeins að ef komi til frekari framkvæmda innan úttektarsvæðis þurfi að gæta að minjunum og leita álits Minjastofnunar á áhrifum framkvæmda á minjar. Ef áður ókunnar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir þarf að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er. Það er Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda.

Heimildaskrá

- BL:** Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund, Lund University.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Hveragerði*. FS187-00172. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Árnessýsla*. 1918–1921. II. bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag
- JJ:** Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II*. FS626-12022. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Óútgefnar heimildir

- Herforingjaráðskort 1909:** Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1919). (Blað 37 SA). Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>
- Túnakort 1917:** Túnakort Ölfushrepps. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.
- Ö-Reykjakot:** Reykjakot í Ölfusi. Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. Reykjavík, Örnefnasafn Árnastofnunar.
- Ö-Vorsabær:** Örnefnalýsing Vorsabæjar. Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. Reykjavík, Örnefnasafn Árnastofnunar.

Heimildamaður

- Björn Pálsson, f. 15.08. 1942.

Viðauki: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
ÁR-521:027	392526	392261
ÁR-720:028_01	392687	392151
ÁR-720:028_02	392711	392204

